

## / LED ljósin

Blátt blikkandi ljós táknar að ekki næst GPS samband við gervitungl og er þá hnappurinn væntanlega innandyra.

Stöðugt blátt ljós táknar að hnappurinn er í hleðslu.

Hratt blikkandi blátt ljós táknar að rafhlaða er að verða tóm.

Grænt stutt blikkandi ljós táknar að hnappurinn er í sambandi við GSM símkerfið.

Grænt hratt blikkandi ljós táknar samskipti, boð eða tal við GSM kerfið.

Grænt hægt blikkandi ljós táknar að hnappurinn leitar að tengingu við GSM kerfið.



## / Þjónusta Alvican

Þjónustuver Alvican svarar neyðarboðum frá öryggishnökkum Alvican allan sólarhringinn alla daga ársins og í símtalinu greinir öryggisfulltrúi hvort það þurfi að senda sjúkrabíl á staðinn eða kalla til aðstandendur. Alvican rekur einnig stjórnstöð sem fylgist með því að allir hnappar séu virkir og rafhlaða þeirra í lagi á klukkustundar fresti. Kerfið lætur svarendur eða notendur/umsjónaraðila vita ef hnappurinn þarf að fara í hleðslu.

Mikilvægt er að notendur láti vita ef þeir eru ekki að nota hnappinn svo ekki sé stöðugt verið að hafa samband. Til að láta vita hafið samband í síma 6160900 eða með tölvupósti á [alvican@alvican.com](mailto:alvican@alvican.com)

## ALVICAN/

Alvican ehf  
Hátún 12  
105 Reykjavík  
s:6160900  
[www.alvican.com](http://www.alvican.com)

# ALVICAN/

## Öryggishnappur Alvican



## / Öryggishnappur Alvican

Takk fyrir að velja öryggishnapp frá Alvican. Hnappurinn virkar bæði innan- og utandyra og er sérstaklega hannaður fyrir eldri borgara sem þurfa á einfaldan hátt að kalla eftir hjálp. Hnappurinn hefur talrás í báðar áttir sem virkar í raun eins og sími. Hægt er að hringja úr hnappnum með því að ýta á neyðartakkann í miðjunni á hnappnum og halda honum niðri í 2 sekúndur þar til hljóð heyrir og hnappurinn titrar. Einnig er hægt að hringja í hnappinn og er símanúmerið merkt aftan á hnappnum. Í hnappnum er staðsetningarbúnaður sem gefur upp staðsetningu ef ýtt er á neyðartakkann utandyra og er þá hægt að senda hjálp á þá staðsetningu.

Hnappurinn er framleiddur í samvinnu við Minifinder a/b í Svíþjóð og uppfyllir allar kröfur um gæði og CE staðla. Hugbúnaðurinn sem stýrir hnappinum er framleiddur og þróaður af Alvican.

## / Innihald

1 Hjálparhnappur, 2 Micro USB hleðslusnúra, 3 Hleðslustandur, 4 Spennubreytir, 5 Hálsól



## / Virkni

1 Af/Á hnappur, 2 USB hleðslutengi, 3 Hjálparkall, 4 Hljóðnemi, 5 GPS blátt LED ljós, 6 GSM grænt LED ljós, 7 Hátalari, 8 Tenging fyrir hleðslustöð



## / Gangsetning

Hnappurinn kemur uppsettur og tilbúinn til notkunar í kassanum, en þó með þeim fyrirvara að hnappurinn hafi ekki verið lengi á leiðinni í pósti til notandans.

Tengið spennubreytinn við hleðslusnúruna og svo í hleðslustandinn. Gott er að hafa hann t.d. á náttborði og hafa hnappinn í hleðslu á nóttunni.



Setjið hnappinn í hleðslustandinn og það kemur rautt ljós, athugið að snúa hnappnum þar til hann fellur niður í standinn og kemur þá smá titringur og hleðsluljósið kviknar. Hnappurinn nær fullri hleðslu á 3 klukkustundum og slökknar þá rauða ljósið.